

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 278/2022

2023/EES/35/02

frá 28. október 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/839 frá 30. maí 2022 um umbreytingarreglur vegna umbúða og merkinga dýralyfja sem eru leyfð eða skráð í samræmi við tilskipun 2001/82/EB eða reglugerð (EB) nr. 726/2004 (!).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 22h (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/209) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„22i. **32022 R 0839**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/839 frá 30. maí 2022 um umbreytingarreglur vegna umbúða og merkinga dýralyfja sem eru leyfð eða skráð í samræmi við tilskipun 2001/82/EB eða reglugerð (EB) nr. 726/2004 (Stjtið. ESB L 148, 31.5.2022, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/839, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(!) Stjtið. ESB L 148, 31.5.2022, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.